



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í GOLFI KARLA OG KVENNA

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti karla og kvenna í golfi.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Stjórn GSÍ skal skipa mótsstjórn í samráði við klúbbinn þar sem mótið fer fram a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Viðkomandi klúbbur skal skipa a.m.k. einn dómara og leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður yfirdómari skal hafa alþjóðleg dómara réttindi.

3. gr.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá Íslandsmóti. Klúbburinn þar sem mótið fer fram skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmót fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við Íslandsmót og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Mótsstjórn ákveður skráningarfrést, en getur þó heimilað þátttöku berist tilkynning síðar, enda hafi hámarksfjöldi þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

6. gr.

Þáttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þáttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.



2. kafli

7. gr.

Þátttökurétt hafa (a) íslenskir ríkisborgarar og (b) erlendir kylfingar eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlandis. Hámarksfjöldi þátttakenda skal vera 138. Í karlaflokki er hámarksförgjöf 3,0 og í kvennaflokki 5,5. Hámarksförgjöf miðast við förgjöf þátttakanda kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur. Þátttakendur skulu vera félagar í golfklúbbi innan vébanda GSÍ.

Þátttökurétt í hvorum flokki hafa, í þessari röð:

1. Fyrrum Íslandsmeistarar í golfi.
2. Leikmenn með stig á heimslista atvinnukylfinga (www.owgr.com) kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur.
3. Leikmenn í sætum 1 – 2000 á heimslista áhugakylfinga (www.wagr.com) kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur.
4. Leikmenn í sætum 1 – 32 á stigalista GSÍ á yfirstandandi ári. Ef tveir eða fleiri leikmenn eru jafnir í 32. sæti skulu þeir báðir/allir fá þátttökurétt.
5. Leikmenn sem ekki hafa unnið rétt til þátttöku samkvæmt liðum 1 til 4 að ofan, sem annars vegar skipa efsta sæti á stigalista Unglingamótaraðarinnar í flokkum 15-16 ára og hins vegar flokkum 17-18 ára.
6. Aðrir leikmenn sem uppfylla förgjafarmörk og fjærst eru förgjafarmörkum í sínum flokki kl. 8:00 morguninn eftir að skráningarfresti lýkur. Standi val á milli keppenda með förgjöf jafnlangt frá förgjafarmörkum skal hlutkesti ráða.

Þó skulu að lágmarki 33 kylfingar fá þátttökurétt í hvorum flokki. Keppendum skal þó fjölgað þannig að fullir ráshópar verði í hvorum flokki.

Mótsstjórn er heimilt að halda undankeppni um 10 síðustu sætin í flokki karla og 5 síðustu sætin í flokki kvenna, ef umframskráning verður a.m.k. 20 í flokki karla og 10 í flokki kvenna. Þátttaka í slíkri undankeppni skal bundin við þá leikmenn sem standast förgjafarmörk og hafa skráð sig til keppni í Íslandsmótinu innan tilskilins skráningarfrests. Undankeppnin er 18 holu högggleikur án förgjafar. Mótsstjórn ákveður leikstað og -tíma og setur nánari reglur, t.d. um lágmarksfjölda þátttakenda. Verði leikmenn jafnir skal leika bráðabana 10 sætið flokki karla og 5 sætið í flokki kvenna. Ákvörðun um hvort slík undankeppni verði haldin (ef næg umframskráning verður) skal verða tilkynnt þegar skráningarfresti líkur. Þátttakendur í undankeppninni skulu hafa förgang varðandi þátttöku í Íslandsmótinu umfram þá sem ekki taka þátt. Sé undankeppni auglýst en henni aflýst (t.d. ef lágmarksfjöldi þátttakenda er ekki náð) skulu leikmenn sem skráðu sig í undankeppnina hafa förgang varðandi þátttöku í Íslandsmótinu umfram þá sem ekki skráðu sig.

Leika skal 72 holu högggleik án förgjafar á fjórum dögum. Eftir 36 holu leik skal leikmönnum fækkað þannig að þau 50% leikmanna sem eru með besta skor í hvorum flokki halda áfram keppni. Ef leikmenn eru á sama skori og sá sem er með lakastan árangur þeirra sem halda áfram skulu þeir báðir/allir halda áfram. Einnig skulu leikmenn ætíð fá að halda áfram keppni



séu þeir 10 höggum eða minna á eftir þeim leikmanni sem er í 1. sæti. Heimilt er mótstjórn að fækka leikmönnum að loknum 54 holum þannig að þau 40% leikmanna, er skráðir voru til leik, sem eru með besta skor í hvorum flokki halda áfram keppni. Slíka ákvörðun þarf að mótstjórn að taka og tilkynna í síðast lagi áður en leikur hefst eftir 36 holur. Ef leikmenn eru á sama skori og sá sem er með lakastan árangur þeirra sem halda áfram skulu þeir báðir/allir halda áfram. Einnig skulu leikmenn ætíð fá að halda áfram keppni séu þeir 7 höggum eða minna á eftir þeim leikmanni sem er í 1. sæti eftir að leiknar hafa verið 54 holur.

8. gr.

Skyllt er að keppnisvöllur sé opinn til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

9. gr.

Ef jafnt er að loknum 72 holum skal leika þriggja holu umspil og síðan bráðabana ef þörf er á um 1. sæti. Ekki skal leikið um önnur sæti, heldur teljast viðkomandi leikmenn jafnir.

10 gr.

Mótstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

Óheimilt er að hafa fleiri en þrjá keppendur í hverjum ráshóp.

11. gr.

Sigurvegarar hljóta titlana Íslandsmeistari karla og Íslandsmeistari kvenna.

12. gr.

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 2. ágúst 2025